

# Lög félagsins

## 1.gr. Nafn félags

Félagið heitir Rafmyntaráð Íslands.

## 2.gr. Heimili félagsins

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 3.gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að koma Íslandi í fremstu röð landa, þar sem rafmyntir og blockchain tækni er notuð. Fræða Íslendinga, fyrirtæki og stjórnvöld á Íslandi um kosti rafmynta og blockchain tækninnar. Hafa jákvæð áhrif á regluverk á Íslandi með það að markmiði að laða að notendur sem og fyrirtæki til Íslands, sem nýta eða starfa í rafmynta og blockchain tækninni.

## 4.gr. Hvernig hyggist félagið ná tilgangi

Félagið mun stuðla að kynningu á rafmyntum og blockchain tækninni. Nýta starfskrafta félagsmanna ásamt því að nýta sjóði félagsins til að greiða fyrir annan kostnað sem fellur undir tilgang félagsins.

## 5.gr. Félagsaðild

Félagsaðild er öllum opin sem hafa lögheimili á Íslandi, hafa íslenska kennitölu og vilja vinna að markmiðum félagsins.

## 6.gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn skulu taka þátt í aðalfundi.

## 7.gr. Aðalfundir

Aðalfund skal halda eigi síðar en 3. maí ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað og telst tölvupóstur á skráð tölvupóstfang allra félagsmanna sem löglega boðaður aðalfundur. Stjórn félagsins getur boðað til auka aðalfundar ef þörf er á nauðsynlegum og tímaháðum lagabreytingum félagsins. Einfaldur meirihluti mætttra félagsmanna, sem hafa verið skráðir félagsmenn frá 1 maí 2018 eða lengur en eitt ár, eru kjörgengir og ræður atkvæðagreiðsla úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir.

1. Stjórn skipar fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Framkvæmdaáætlun lögð fram af framkvæmdastjóra fyrir næsta almannaksár
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Kosning stjórnar
8. Önnur mál

## 8.gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, þar af formanni og gjaldkera, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn, auk þriggja varamanna. Þeir fimm félagsmenn með flest atkvæði á aðalfundi skulu skipa stjórn félagsins og næstu þrír vera varamenn. Ef komi upp sú staða að tveir eða fleirri frambjóðendur hljóti sama atkvæðafjölda skal hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar amk. einu sinni í mánuði en meirihluti stjórnar getur einnig farið fram á að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnarfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað með að lágmarki viku fyrirvara og telst tölvupóstur á skráð tölvupóstfang allra stjórnarmanna sem löglega boðaður stjórnarfundur. Stjórnarfundir skulu vera haldnir að lögheimili félagsins. Heimilt er að sækja stjórnarfundum og greiða atkvæði gegnum fjarfundarbúnað. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

## 9.gr. Auraráð

Í Auraráði sitja þeir þrír félagsmenn sem lengst hafa verið meðlimir félagsins og hafa þann tilgang að deila ábyrgð á vörslu rafmynta félagsins. Varsla rafmynta skal vera þannig tryggð að það þarf tvo af þremur einstaklinga í Auraráði til að ráðstafa rafmyntum félagsins. Auraráð getur ekki lagt til hvernig skuli nýta rafmyntirnar og skal einungis greiða framkvæmdastjóra félagsins og eða gjaldkera úr rafmyntasjóðum

félagsins. Auraráði ber einungis að greiða fyrir rekstrarkostnað, sem fellur til vegna starfsemi félagsins og hefur verið samþykktur af stjórn.

Auraráð getur slitið stjórn, boðað til aðalfundar og kosningar nýrrar stjórnar, ef það telur ráðstöfun fjármuna sjóðsins ekki í samræmi við tilgang félagsins.

## 10.gr. Félagsaðild

Félagsgjald félagsins er 5.000kr eða sambærileg upphæð í formi rafmyntarinnar Bitcoin eða Auroracoin og 25% afsláttur er gefinn ef greitt er með rafmynt. Félagsgjald er innheimt árlega og skal ákvörðun um það vera tekin á hverjum aðalfundi.

## 11.gr. Rekstrarafgangur

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til kynningar og fræðslu á rafmyntum og blockchain tækninni á Íslandi.

## 12.gr. Slit félags

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða ásamt einföldum meirihluta stjórnar og renna eignir þess til Barnaspítala Hringsins.